



Fundargerð fræðslunefndar 01. október 2015

Fundur haldinn í fræðslunefnd fimmtudagninn 1. okt. 2015

kl. 17:00 í Kaupvangi. Mættir: Fanney Hauksdóttir, Þorsteinn Halldórsson, Hafþór Róbertsson, Jón Haraldsson og Fjóla Valsdóttir. Einnig komu á fundinn Margrét Gunnarsdóttir og Steven skólastjóri Tónlistarskólans.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. mál

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og var hún samþykkt samhljóða.

2. mál

Formaður sagði frá innihaldi tveggja bréfa er bærust nefndinni frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þar er greint frá því að leikskólinn Brekkubær og Vopnafjarðarskóli hafi ekki gögn er varða skólana á heimasíðu sinni eins og lög gera ráð fyrir. Formaður hafði samband við skólastjóra skólanna og grennslaðist fyrir um hverju sætti. Í ljós kom að ábendingin hafði ekki átt við rök að styðjast hvað leikskólann Brekkubæ varðar, málið misskilningur sem þegar hefur verið leiðréttur. Hvað Vopnafjarðarskóla varðar þá er verið að vinna í málinu. Strandað hefur á skólastjóri getur ekki sett þessi skjöl inn sjálfur í réttu formatti. Þetta stendur til bóta og þessar upplýsingar verða settar fljótlega á heimasíðuna.

3. mál

Starfsemi Tónlistarskólans veturinn 2015 - 16.

Stephen greindi frá því að Baldvin Eyjólfsson hefði verið ráðinn við skólann og er Stephen mjög ánægður með að fá hann til liðs við skólann. Nemendur í vetur eru 45, sem skiptast nokkuð jafnt á milli þeirra Baldvins og Stephens. Baldvin kennir á ugulele, gítar, bassa, trommur og tónfræði við grunnskólann. Steven kennir á blokkflautu, fiðlu, píanó og söng.

Keypt hafa verið flest þau hljóðfæri sem skólann vantaði vegna fjölbreyttari kennslu. Skólanum var úthlutað 500 þús. kr. til þeirra kaupa frá Vopnafjarðarhreppi og eru þeir nokkuð vel settir með það. Telur Steven tónlistarskólann ekki vanhaga um neitt sem skólann varðar fyrir næstu fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins, umfram daglegan rekstur skólans.

Nokkuð var rætt á síðasta skólaári um stigspróf sem nemendur þurfa að þreyta ef þeir ætla að fara í tónlistarnám að loknum grunnskóla og eiga möguleika að fá úthlutað úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna skólagjalda. Ólafur Áki mun kanna þau mál enn frekar fyrir fræðslunefnd og mun niðurstaða þeirrar vinnu kynnt fræðslunefnd. Steven greindi frá því að nemendum sem ljúka námi í skólanum verði boðið að taka stigspróf í vor.

Steven var ánægður með stöðu mála í skólanum og ítrekaði ánægju sína með ráðningu Baldvins. Nefndarmenn tóku undir orð hans og voru mjög sáttir við að Baldvin væri kominn til starfa við skólann.

4. mál

Starfsemi bókasafns Vopnafjarðar veturinn 2015-16.

Margrét fór yfir stöðuna og greindi frá því að starfsemin væri nokkuð hefðbundin.

Börnin í skólanum hafa aðgang að safninu á skólatíma. Opið er fyrir almenning frá kl. 14:00 – 17:00 þriðjudaga til fimmtudaga og 14:00 til 16:00 á föstudögum. Leikskólinn kom nokkrum sinnum í heimsókn á síðasta vetri og reiknaði Margrét með því að það mundi halda áfram í vetur.

Árgjaldið fyrir almenning hefur verið óbreytt kr. 2000 í nokkur ár og taldi Margrét rétt að hækka það núna. Fræðslunefnd styður þá skoðun Margrétar. Eldri borgarar og börn greiða ekki gjald fyrir notkun á bókasafninu. Nefndarmenn hvöttu Margréti til að hafa samráð við sveitarstjóra og sveitarstjórn um hækkun árgjaldsins.

Fyrir fjárhagsáætlunargerð bendir Margrét á að það vantar sárlega orðið hillupláss fyrir nýjar bækur, taldi hún að það mætti leysa með frístandandi hillum. Þær kosta um 400-500 þús. krónur.

Fjárveiting til bókakaupa hefur verið svipuð frá ári til árs, en tekur hækkunum samkv. vísitölu hverju sinni.

Til umræðu kom hvort bókasafnið ætti ekki að fá sérstaka fjárveitingu til að koma upp hljóðbókasafni og taldi Margrét að til þessi þyrfti ca. 80 – 100 þús. kr. til að koma því af stað. Fundarmönnum leist vel á þá hugmynd og styður hana.

Þá ræddi Margrét afleysingarmál, finnst óþægilegt að hafa ekki einhvern sem getur leyst hana af. Nefndarmenn hvöttu hana til að ræða þessi mál við Ólaf Áka og Aðalbjörn.

Að öðru leiti var hún nokkuð sátt við stöðu mála á bókasafninu.

Önnur mál

Fjóla spurði hvernig staðan væri á því máli að hafa hafragraut á morgnana í skólanum. Formaður taldi að það mál væri í vinnslu.

Þorsteinn spurði um framhaldsdeild. Formaður greindi frá því að það málið væri komið á fullan skrið aftur. Fundur var haldinn 30. sept, með Halli Reynissyni og Sigurbirni Árna nýjum skólameistara Laugaskóla, ástamt Hildi Stefánsdóttur á Þórshöfn, sveitarstjóra og stýrihópi framhaldsdeildar á Vopnafirði. Fundargerð þess fundar er nú aðgengileg á síðu Vopnafjarðarhrepps.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00

Hafþór Róbertsson